



Reykjavík, 13. apríl 2026

VEL25110013

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um að staða fólks á fjárhagsaðstoð verði könnuð

Þann 5. nóvember 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að staða fólks á fjárhagsaðstoð verði könnuð sérstaklega. Markmiðið með því er að kanna sérstaklega reynsluheim og aðstæður fólks á fjárhagsaðstoð. Árið 2024 voru 2.959 einstaklingar á fjárhagsaðstoð til framfærslu og flestir notenda eru karlar. Árið 2021 voru konur á fjárhagsaðstoð 898 en karlar 1.535. Árið 2023 voru konur á fjárhagsaðstoð 1.446 og karlar 1.814. Því er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á að kanna hvers vegna karlar eru líklegri en konur til að vera notendur fjárhagsaðstoðar.

Umsögn:

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands eru ekki til rannsóknir sem rýna ástæður þess að karlmenn séu líklegri en konur til að vera notendur fjárhagsaðstoðar. Hins vegar væri það áhugavert rannsóknarefni og þá að skoða samanburð við hin Norðurlöndin.

Í skýrslu frá október 2021 (vegna ársins 2020) á framfærslustyrk, með greiningu aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar voru niðurstöður m.a. þær að karlmenn væru fleiri en konur (60% kk. á móti 40% kvk.) og þeir væru jafnframt að meðaltali að fá fleiri mánuði á fjárhagsaðstoð til framfærslu en konur. Notendur með erlent ríkisfang var sá hópur sem hafði fjölgað mest á fjárhagsaðstoð og voru karlmenn þar í meirihluta eða 62%. Rýnt var í húsnæðisstöðu kynjanna og var hún ólík, karlmenn bjuggu flestir með öðrum án þinglýsts leigusamnings eða voru húsnæðislausir. Konur voru flestar með eigið heimilishald. Á árinu 2025 voru 901 sem þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu, þar af 501 karl eða tæp 56%.

Velferðarsvið mun óska eftir því að Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands beini sjónum sínum að því að skoða hvers vegna þessi kynjamunur er og hvaða mögulegu skýringar liggja að baki. Árlega fara fulltrúar úr rannsóknarteymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með kynningu fyrir meistaraneima í félagsráðgjöf um möguleg meistaraverkefni og munu þau jafnframt bæta þessari hugmynd þar við.



Reykjavík



Til eru fjölmargar rannsóknir sem fjalla um vinnumarkað og kynjamun. Almennt eru fleiri konur með endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri. Það er mikilvægt að skoða bakgrunn og stöðu notenda fjárhagsaðstoðar m.t.t. menntunar, atvinnusögu, andlegs og líkamlegs heilsufars og vímuefnaröskunar.

